

**Nr. 019 / 15 Gullhólmi SH 201****Skipverji slasast á auga**

Skipask . nr. 0264 IMO..nr. 6410221  
Smíðaður: Noregi 1964, stál  
Stærð: 331,1 brl. 471,2 bt.  
Mesta lengd: 49 m Skráð lengd: 44,4 m  
Breidd: 7,5 m Dýpt: 6,26 m  
Vél: Caterpillar 1038 kW, 1986  
Fjöldi skipverja: 14



Gullhólmi©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Slysaskýrsla frá skipi  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 18. september 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 24. janúar 2015 var Gullhólmi SH 201 á línuveiðum í Nesdýpi. Veður: SV 15 m/s og ölduhæð 6 m.

Skipverjar voru að draga línuna og sá þeirra sem var á rúllunni var að gogga fiskinn. Við það skrapp goggurinn úr fiski með þeim afleiðingum að skaftið goggnum lenti ofan við hægra auga hans. Skipverjinn vankaðist og seinna kom í ljós blæðing við augað.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipverjinn var með stóra löngu þegar goggurinn bognaði og hann fékk skaftið á honum í andlitið;
- að fram kom hjá skipverjanum að um einstakt óhapp hefði verið að ræða.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.